



158. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 27. nóvember kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 9. lið; Skýrslu Félagsvísindastofnunar Íslands, Viðhorfskönnun meðal íbúa Þingeyjarsveitar í nóvember 2014.

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A-lista. Fulltrúar T lista sátu hjá.

Dagskrá:

1. Menningarmiðstöð Þingeyinga – kynning
2. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2015 og árin 2016-2018 – fyrri umræða
3. Fundargerðir Fræðslunefndar frá 11.11.2014 og 24.11.2014
4. Fundargerð Brunavarnanefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 12.11.2014
5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.11.2014
6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20.11.2014
7. Fundargerð hluthafafundar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.
8. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. – samkomulag
9. Viðhorfskönnun meðal íbúa Þingeyjarsveitar í nóvember 2014

1. Menningarmiðstöð Þingeyinga - kynning

Til fundarins mætti Sif Jóhannesdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og kynnti starfsemi miðstöðvarinnar fyrir sveitarstjórn.

2. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2015 og árin 2016-2018 – fyrri umræða

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og árin 2016-2018 lögð fram til fyrri umræðu. Skrifstofustjóri mætti til fundarins undir þessum lið og fór yfir fjárhagsáætlun 2015 ásamt sveitarstjóra. Fyrri umræðu framhaldið og fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu.
Sveitarstjórn þakkar mikla og góða vinnu og skýra framsetningu fjárhagsáætlunar.

3. Fundargerðir Fræðslunefndar frá 11.11.2014 og 24.11.2014

Lagðar fram fundargerðir Fræðslunefndar. Fundargerð Fræðslunefndar frá 11. nóvember s.l. sem er í sex liðum og fundargerð Fræðslunefndar frá 24. nóvember s.l. sem er einnig í sex liðum. Margrét gerði grein fyrir fundargerðunum.

1. liður fundargerðar frá 11.11.2014; Fjárhagsáætlun Stórutjarnaskóla fyrir árið 2015. *Sveitarstjórn samþykkir sumaropnun 4 daga í viku frá 8-16 í Tjarnaskjóli en þó verður lokað samfellt í sex vikur á sumri. Vísað til gerðrar fjárhagsáætlunar 2015.*

2. liður fundargerðar frá 24.11.2014; Drög að gjaldskrá fyrir mötuneyti í leik- og grunnskólum Þingeyjarsveitar. *Sveitarstjórn leggur áherslu á að gjaldskrá mötuneyta endurspegli raunkostnað hráefniskaupa.*

5. liður fundargerðar frá 24.11.2014; Mélefnar frá skólastjóra. *Sveitarstjórn samþykkir opnun á miðvikudögum til kl 16:30 í Krílabæ og vísar til gerðrar fjárhagsáætlunar.*

Sveitarstjórn staðfestir báðar fundargerðirnar að öðru leyti og vísar gjaldskráum leikskóla- og tónlistarnáms til síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

Varðandi innheimtu tónlistarnámsgjalda fyrir haustönn 2014 samþykkir sveitarstjórn að fella niður gjald fyrir þann tíma sem verkfall tónlistarkennara stóð. Það jafngildir 30% af heildarkostnaði námsgjalda haustannar.

4. Fundargerð Brunavarnanefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 12.11.2014

Lögð fram fundargerð Brunavarnanefndar frá 12. nóvember s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.11.2014

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20. nóvember s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í tveim liðum.

1. liður fundargerðar; Umhverfi Goðafoss, deiliskipulag og breytingar á aðalskipulagi. *Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaradilum og einnig að kynna hana fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

2. liður fundargerðar; Illugastaðir, deiliskipulag og breytingar á aðalskipulagi. *Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaradilum og einnig að kynna hana fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20.11.2014

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20. nóvember s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sjö liðum.

3. liður fundargerðar; Heimaþjónusta.

Sveitarstjórn samþykkir að auka við stöðugildi um 15% þess sem sér um heimaþjónustuna þar sem verkefnum fjölgar og umfang starfsins eykst og vísar málinu til fjárhagsáætlunar 2015.

7. liður fundargerðar; Starf íþróttá- og æskulýðsfulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa starf íþróttá- og æskulýðsfulltrúa og vísar til fjárhagsáætlunar 2015.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti og gjaldskrá er undir nefndina heyra er vísað til gerðrar fjárhagsáætlunar 2015.

7. Fundargerð hluthafafundar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.

Lögð fram fundargerð hluthafafundar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. frá 24. nóvember s.l. þar sem stjórn óskar eftir hlutafjárukningu í félaginu að fjárhæð 4 milljónir.

Sveitarstjórn samþykkir hlutafjárukninguna.

8. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. – samkomulag

Fyrir fundinum liggja drög að samkomulagi um útgöngu úr Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. Fyrirhugað er að fulltrúar sveitarfélaganna og núverandi hluthafar í Sorpsamlagi Þingeyinga ehf., Norðurþing, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur og Tjörneshreppur, skrifi undir samkomulagið þann 28. nóvember n.k. á fundi í Kjarna.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi drög um útgöngu úr Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. og felur oddvita og sveitarstjóra umboð á fundinum og að skrifa undir samkomulagið.

9. Viðhorfskönnun meðal íbúa Þingeyjarsveitar í nóvember 2014

Fyrir fundinum liggur skýrsla frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um niðurstöðu viðhorfskönnunar meðal íbúa Þingeyjarsveitar í nóvember 2014.

Brúttó svarhlutfall var 81% kosningabærra íbúa. Niðurstaða spurningar um hvort grunnskólastigið í Þingeyjarskóla starfi á einni starfsstöð eða tveimur var að 72% vildu að grunnskólastigið yrði á einni starfsstöð en 28% vildu að það yrði á tveimur starfsstöðvum. Á skólasvæði Þingeyjarskóla voru það 79% sem vildu að grunnskólastigið yrði á einni starfsstöð en 21% vildi að það yrði á tveimur starfsstöðvum. Niðurstaða spurningar um ljósleiðaratengingu var að samtals 71% taldi það mjög líklegt eða frekar líklegt að þeir myndu tengjast ljósleiðara gegn því að greiða 250 þúsund krónur í stofngjald.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sjá til þess að könnunin verði aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins að fundi loknum, íbúum til upplýsingar.

Lagt fram til kynningar:

- a) Fundargerðir 258., 259. og 260. funda stjórnar Eyþings
- b) Fundargerð 166. fundar HNE ásamt fjárhagsáætlunar fyrri árið 2015
- c) Fundargerðir 23. og 24. funda stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:10

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason